



3. gr.

Stafliður A, töluliður 1. 32. gr. orðist svo:

1. Einstaklingar og hjón:

Af fyrstu 20 000.00 kr. 10%.

Af 20 000.00 kr.—60 000.00 kr. greiðast 2000.00 kr. af 20 000.00 kr. og 20% af afgangi.

Af 60 000.00 kr. og yfir greiðast 10 000.00 kr. af 60 000.00 kr. og 30% af afgangi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu útsvara á árinu 1965.

Ákvæði til bráðabirgða.

Nú hefur gjalddögum útsvara, álagðra 1964, verið fjölgað, svo að síðasta greiðsla fór ekki fram fyrr en 1. marz 1965, og telst útsvar þá greitt að fullu fyrir árslok 1964, samkvæmt síðustu málsgr. 31. gr. laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er lagt til, að persónufrádráttur verði hækkaður um 30%, eða úr kr. 25 000.00 hjá einstaklingum í kr. 32 500.00, úr kr. 35 000.00 hjá hjónum í kr. 45 500.00 og fyrir hvert barn úr kr. 5 000.00 í kr. 6 500.00.

Enn fremur er lagt til, að útsvarsstiganum verði breytt hjá einstaklingum og hjónum þannig:

1. Í stað tveggja tekjuútsvarsþrepa, 20% og 30%, komi þrjú þrep, 10%, 20% og 30%.
2. Í stað þess, að nú eru lögð 20% á fyrstu kr. 40 000.00, og 30% á það sem umfram er, verði nú lögð 10% á fyrstu kr. 20 000.00, 20% á næstu kr. 40 000.00 og 30% á það sem þar er umfram.

Það leiðir af þessum breytingum, að reikna verður með mun minni afslætti frá útsvarsstigum en verið hefur undanfarið og sums staðar er gert ráð fyrir, að til komi verulegt álag á stigann. Má því búast við, að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga verði að greiða einhver aukaframlög, ef áætlaðri útsvarsfjárhæð verður ekki náð með 20% álagi, sbr. 15. gr. d. Samkvæmt því ákvæði er það hlutverk Jöfnunarsjóðs að greiða þeim sveitarfélögum aukaframlag, sem ekki fá nægileg útsvör álögð, þó lagt sé á útsvör samkvæmt stiga 20% álag, en hærra álag á útsvarsstiga er óheimilt. Afkoma Jöfnunarsjóðs var mun lakari á árinu 1964 en árið áður. Á árinu 1963 var tekjuafgangur sjóðsins kr. 3 471 519.00, en tekjuhalli á árinu 1964 nam kr. 1 276 766.42. Ástæðan er tvíþætt. Annars vegar minnkandi tekjur vegna skerðingarákvæða og hins vegar aukin útgjöld vegna aðstoðar við sveitarfélög, sem áttu í fjárhagserfiðleikum. Horfur eru á frekari fjárstuðningi við sveitarfélög á þessu ári og minnkandi tekjum vegna skerðinga. Nauðsynlegt er því að tryggja afkomu sjóðsins betur, eins og lagt er til að gert verði í 1. gr. frv.

Vegna fjölgunar gjalldaga útsvara, sem álögð voru á árinu 1964, er með bráðabirgðaákvæði lagt til, að þegar svo stendur á, skuli útsvör, sem eigi voru að fullu greidd fyrr en 1. marz 1965, teljast greidd að fullu fyrir árslok 1964, sbr. 31. gr. laganna.

Ríkisstjórnin hefur átt viðræður við fulltrúa Alþýðusambands Íslands um breytingar þessar. Athugasemdir þær, sem fulltrúarnir báru fram, koma til athugunar við meðferð málsins á Alþingi.